

hefur eigi gefið upplýsingar um ætlaðan reksturskostnað bifreiðarinnar á sama tíma. En sé hann hafður í huga, þykir mega ákvarða bætur samkvæmt þessum kröfulið kr. 60.000.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verða teknar til greina í málinu bótafjárhæðirnar kr. 135.234 og kr. 60.000, eða alls kr. 195.234.

Stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda $\frac{3}{4}$ þeirrar upphæðar, eða kr. 117.140 með þeim vöxtum, sem krafist er í stefnu.

Þá ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 47.0000.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Sementsverksmiðja ríkisins, greiði stefnanda, Björgvin Stefánssyni, kr. 117.140 með 9% ársvöxtum frá 13. júní 1973 til greiðsludags og kr. 47.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. febrúar 1977.

Nr. 72/1975. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Fróða B. Pálssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Bifreiðar. Vegir. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 27. maí 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að sök verði skipt og kröfur stefnda aðeins teknar til greina að hluta. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 60.000 króna málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði stefnda, Fróða B. Pálssyni, 60.000 króna málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt skýrslu verkstjóra áfrýjanda skyldi Hafnarfjarðarvegur vera lokaður fyrir akstri bifreiða til suðurs frá Miklatorgi hinn 4. júní 1973. Þrátt fyrir það voru hvorki sett bann- né aðvörunarmerki við mót Laufásvegar og hinnar nafnlausu götu, er stefndi ók, né við mót hennar og Hafnarfjarðarvegar. Þá voru ekki sett aðvörunarmerki við gryfju þá, er grafin hafði verið í malbikslag Hafnarfjarðarvegar og stefndi lenti í, svo sem boðið er í 6. mgr. 66. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 37. gr. reglugerðar nr. 61/1959. Með þessari vanrækslu á merkingum hefur áfrýjandi fellt á sig að meginhluta ábyrgð á tjóni því, er stefndi varð fyrir í umrætt sinn.

Samkvæmt málflytningi stefnda hér fyrir dómi ók hann hægt í umrætt sinn. Gryfja sú, sem um er fjallað, er talin hafa verið um 4.2 m að lengd og 3.4 m að breidd og því náð yfir næstum allan vestari vegarhelming Hafnarfjarðarvegar. Var hún vel sýnileg úr nokkurri fjarlægð. Sýndi stefndi af sér verulegt gáleysi með því að veita eigi gryfjunni athygli í tæka tíð, þannig að hann gæti hemlað og varnað slysi að

nokkru eða öllu leyti. Verður því að telja hann einnig eiga nokkra sök á, hvernig fór.

Þykir eftir atvikum rétt að dæma áfrýjanda til að bæta stefnda $\frac{2}{3}$ hluta tjóns hans.

Í málinu er nú aðeins deilt um fjárhæð tjóns stefnda vegna afnotamissis bifreiðarinnar, meðan hún var til viðgerðar. Þykir rétt að meta tjón hans að þessu leyti 90.000 krónur.

Samkvæmt þessu telst heildartjón stefnda, sem hér kemur til álita, alls 200.694 krónur (110.694 + 90.000). Ber áfrýjanda að bæta stefnda $\frac{2}{3}$ hluta þess, eða 133.796 krónur ásamt vöxtum svo sem krafist er, en upphafstími vaxta hefur ekki sætt andmælum.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 90.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði stefnda, Fróða B. Pálssyni, 133.796 krónur með 9% ársvöxtum frá 4. júní 1973 til greiðsludags og 90.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. janúar 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 21. janúar sl., hefur Fróði B. Pálsson, Hringbraut 73, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 6. febrúar 1974, gegn borgarsjóði Reykjavíkur til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 324.506 með 9% ársvöxtum frá 4. júní 1973 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f er stefnt til að gæta réttar síns sem ábyrgðartryggjanda stefnda.

Stefndi hefur gert þá kröfu aðallega að verða sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að sök verði skipt í málinu og kröfur stefnanda aðeins að hluta teknar til greina.

Jafnframt krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvernig sem málið fer.

Af hálfu réttargæslustefnda eru ekki gerðar kröfur.

Leitast hefur verið við að sætta mál þetta, en án árangurs.

Málavextir virðast vera þeir, að hinn 4. júní 1973 hafi stefnandi ekið bifreið sinni, R 7118, sem er fólksbifreið af gerðinni Singer, suður gamla Laufásveginn frá Umferðarmiðstöðinni í átt að Fossvogi, en þangað mun ferðinni hafa verið heitið. Stefnandi var einn í bifreiðinni, og mun hann hafa ekið út á Reykjanesbraut á móts við Bíla- og búvélasöluna og beygt þaðan til hægri og síðan ekið til suðurs. Þá er stefnandi var kominn á móts við húsið nr. 8 við Eskihlíð, varð hann var við gryfju í veginum. Mun stefnanda ekki hafa unnist tími til að hemla, og lenti bifreiðin ofan í gryfjunni og stöðvaðist þar. Gryfju þessa munu verkamenn á vegum Reykjavíkurborgar hafa gert vegna lagfæringar á götunni, og mun gryfjan hafa náð út á miðja akbrautina frá vestari vegarbrún og verið um 17 cm að dýpt og það breið, að hjól bifreiðar stefnanda sátu ofan í gryfjunni eftir óhappið og námu við brúnir gryfjunnar báðum megin. Samkvæmt lögregluskýrslu hafði Hafnarfjarðarvegi verið lokað vegna gatnaframkvæmdanna, þannig að á Miklatorgi voru tvö merki, A 10 og C 1. Á gamla Laufásveginum var eitt merki, A 9 og C 1, en engin lokunarmerki voru á veginum, sem liggur frá gamla Laufásveginum fram hjá Bíla- og búvélasölnni út á Hafnarfjarðarveg, og ekki heldur við litla afrennslisbraut, sem er rétt við gatnamót gamla Laufásvegarins og Hafnarfjarðarvegar og er ætluð fyrir vinstri beygju.

Óhapp þetta var tilkynnt á lögreglustöðina kl. 1640, og samkvæmt lögregluskýrslu var dagsbirta, veður skýjað (sic), en rigning.

Í lögregluskýrslu er sagt, að framhluti bifreiðarinnar hafi verið allur genginn til og yfirbygging virst gengin upp í miðju.

Hinn 26. júní 1973 voru dómkvaddir matsmenn til þess að framkvæma matsgerð á bifreiðinni R 7118. Í matsbeiðninni segir m. a. svo:

„Þess er óskað, að hinir dómkvöddu menn segi til um eftirfarandi og rökstyðji niðurstöður sínar:

1. Er bifreiðin R-7118 viðgerðarhæf og ef svo er, hversu mikið kostar að gera við bifreiðina og hver er eðlilegur viðgerðarúmi.

2. Hvert var söluverðmæti R-7118 á bílamarkaði í Reykjavík hinn 4. júní 1973 fyrir tjón miðað við staðgreiðslu á kaupverði“.

Hinir dómkvöddu matsmenn, þeir Halldór Snorrason og Jan Jansen, skiluðu matsgerð, dags. 18. júlí 1973.

Matsgerðin er svohljóðandi:

„Við undirritaðir, Halldór Snorrason og Jan Jansen, sem voru dómkvaddir til þess að meta bifreiðina R-7118, Singer Vouge, árgerð 1968, mættum við Hringbraut 73 hér í borg fimmtudaginn 5. júlí s.l. kl. 13.00.

Mættir voru eftirtaldir aðilar samkvæmt okkar kvaðningu: Frá skrifstofu borgarverkfræðings: Guttormur Þormar og Guðlaugur Stefánsson, frá lögfræðiskrifstofunni: Ragnar Aðalsteinsson og Guðmundur Markússon og eigandi bílsins, Fróði B. Pálsson. Frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f. mætti enginn, enda þótt Jóni Kristjánssyni, lögfr., hafi verið tilkynnt mæting með símtali kl. 9.30 deginum áður.

Eftir að hafa skoðað bílinn og kynnt okkur verð á þeim vara- hlutum, sem til þarf, komumst við að þeirri niðurstöðu, að við- gerðartími sé hæfilegur 186 klst. og viðgerðarkostnaður kr. 106.249.00. En þetta álit okkar er nánar tilgreint á meðfylgjandi skjali. Við uppgefinn viðgerðartíma mætti þó bæta ca. 5 dögum vegna þurrkunar á málningu.

Söluverð bílsins miðað við fyrstu daga júní s.l. teljum við hafa verið kr. 215.000.00.

Einnig var spurt um það, hvort bifreiðin væri viðgerðarhæf, og teljum við engan vafa á því, og eftir framannefnda viðgerð teljum við, að ekki sé um verðmætarýrnun að ræða“.

Ofangreindri matsgerð fylgdi eftirfarandi sundurliðun:

„TJÓNLYSING.

1. Hægra frambretti mikið dældað.
2. Vinstra frambretti dældað.
3. Rifið út úr brettafestingu við hvalbak hægra megin.
4. Innri brettahlíf hægra megin skekkt.
5. Báðir grindabitar bognir.
6. Skekkja í hvalbak og hægri hlið, þannig að hurðir falla illa í falsa.
7. Skekkja í mælaborði, þannig að hanskahólfslok lokast illa.
8. Svunta undir framstuðara dælduð.
9. Jafnvægisstöng bogin og liggur utan í mótorpönnu.
10. Hlíf við stýrishjól brotin.

VIÐGERÐARKOSTNAÐUR.

	Klst.
1. Taka úr vél og gírkassa	8
2. Taka af bæði frambretti, miðstykki og vélarlok	20

3. Taka undan hjólbita	4
4. Skifta um báða grindarbita og rétta hvalbak og mælaborð	65
5. Réttu innri brettahlíf	3
6. Réttu svuntu	4
7. Réttu vinstra frambretti	5
8. Setja á bæði frambretti og miðstykki	32
9. Setja undir hjólbita	6
10. Réttu jafnvægisstöng og festingar	4
11. Setja í vél og girkassa	20
12. Setja á vélarlok	1
13. Hjólastilla	2
14. Stilla hægri hurðir	4
15. Ryðvarnarmálun, hreinsun og frágangur	8
	<hr/>
	186

186 klst. á 452	84.072.00
Efni af verkstæði	1.800.00
Málning á bæði frambretti, svuntu og hvalbak	8.500.00
Hægra frambretti	7.477.00
Báðir grindarbitar	5.400.00
Hlíf við stýri	800.00

106.249.00“.

Stefnandi gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu og skýrði þar svo frá málsatvikum: „Ég ók umrætt sinn suður Laufásveginn gamla fram hjá Umferðarmiðstöðinni og áfram suður veginn. Ferðinni var heitið suður í Fossvog. Mér datt fyrst í hug að aka austur Miklubraut og beygði því til vinstri hjá Bíla- og búvéla-sölunni, en hætti svo við það að aka Miklubraut og beygði til hægri inn á Hafnarfjarðarveginn. Þarna sem ég kom að Hafnarfjarðarvegi voru engin merki, er sýndu, að þarna væru einhverjar verklegar framkvæmdir á veginum, og ók ég því óhikað suður veginn. Ég beygði síðan suður veginn og var að skipta bifreiðinni úr öðrum „geer“ yfir í þriðja, en varð skyndilega var við gryfju í veginum fyrir framan bifreið mína. Þetta skeði það óvænt, að mér vannst ekki tími til að hemla, og hentist bifreið mín niður í þessa gryfju og steytti á bakka gryfjunnar hinum megin. Gryfja þessi var ekki stærri en það, að framhjól lentu niður í hana, en afturhjól voru þá á hinum bakkanum. Það er, þetta

hefur verið tæplega lengd bifreiðarinnar. Gryfjan tók hins vegar út í hálfan veginn. Við þetta kom það mikið högg á bifreiðina, að ég hentist fram og lenti með andlitið á stýrishjóli bifreiðarinnar og hlaut við það skurð á efri vör. Einnig fékk ég högg á brjóstkassann og hef verið með þrautir í brjóstkassanum síðan.

Eins og fram er komið í lögregluskýrslunni, voru engin merki við veg þann, sem liggur fram hjá Búvélasölunni, en sá vegur er allmikið ekinn. Ég hafði ekki hugmynd um, að þarna væri verið að vinna við Hafnarfjarðarveginn, þar sem ég sá engin merki, sem bent gætu til þess, og enginn vinnuflokkur þarna nálægt. Bifreið mín er mjög mikið skemmd og tel, að bifreiðin sé ónýt. Rétt er að geta þess, að bifreið þessa hef ég í sambandi við vinnu mína og þarf mjög mikið á bifreiðum að halda“.

Hér fyrir dómi staðfesti stefnandi málavaxtalýsingu í stefnu sem rétta að öðru leyti en því, að ekki hafi verið bílar á undan stefnanda, þá er hann kom út á Reykjanesbrautina, en bílar hafi verið á undan honum, þá er hann var á gamla Laufásveginum. Stefnandi sagði, að öll fjögur hjól bifreiðarinnar hefðu lent ofan í gryfjunni.

Stefnandi sagðist aðallega vinna samkvæmt útboðum við standsetningu lóða og vinni hann mest fyrir bæ og svo ríki, einnig vinni hann fyrir húsfélög. Stefnandi geri þá ákveðið tilboð í verkin, en krefji ekki viðskiptavini sína sérstaklega um bifreiðakostnað. Í tilboðinu sé reiknað með bilkostnaði, en það sé vegna vörubílanotkunar. Aðalannatími í sambandi við atvinnurekstur stefnanda sé á tímabilinu maí—október. Það fari svo eftir veðri, hvort eitthvað sé hægt að vinna á öðrum tíma árs. T. d. hafi öll vinna legið niðri í desember, janúar og febrúar sl. Stefnandi tók fram, að mánuðina júní, júlí og ágúst geri hann ekki annað en að fara á milli vinnustaða og sinna eftirliti.

Stefnandi sagði, að ástæðan fyrir því, að hann hætti við að fara inn Miklubraut, hafi verið, að honum hafi dottið í hug, að fljótlegri væri að fara Hamrahlíðina, Kringlumýrarbrautina og inn Miklubraut, en áfangastaður hans hafi verið í nýju íbúðarhverfi í Fossvogi. Stefnandi hafi einnig séð menn vera að vinna við götuna við Miklatorg og hafi hann þess vegna viljað fara aðra leið.

Stefnandi sagði, að bílalegiubílinn hafi hann eingöngu notað í sambandi við vinnu sína. Í gjaldinu til bílaleigunnar, þ. e. kr. 700 á dag og kr. 6 á km, sé bara fyrir afnot bifreiðarinnar, en þar fyrir utan hafi hann greitt bensín.

Stefnandi sagði, að eftir að mat hefði farið fram á bifreiðinni, þá hafi hann ekki getað komið bifreiðinni á verkstæði og hafi hann óskað eftir aðstoð hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands við að koma bifreiðinni á verkstæði. Þeim tilmælum hafi verið neitað af hálfu réttargæslustefnda og hafi stefnandi þá snúið sér til verkstæðis Egils Vilhjálmssonar h/f, en það fyrirtæki hafi umboð fyrir Singer bifreiðar. Stefnandi hafi ekki getað fengið gert við bifreiðina fyrr en raun varð á, þar sem allt hafi verið uppantað á verkstæðinu.

Stefnandi tók fram, að bifreið hans sé fjögurra gíra bifreið.

Guðmundur Jakob Guðlaugsson tæknifræðingur mætti sem vitni fyrir rannsóknarlögreglunni í Reykjavík vegna máls þessa. Þar skýrði Guðmundur svo frá: „Umrætt sinn var ég á leið til borgarinnar og veitti athygli bifreiðum, sem beygðu út fyrir holu, sem var í akbrautinni miðað við stefnu til suðurs. Þessar bifreiðar voru alllangt á undan bifreið þeirri, sem svo lenti í holunni, og tel, að bilið hafi verið það langt, að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki séð, er ökumenn hinna bifreiðanna beygðu fram hjá holunni.

Eins og fyrr er sagt, var ég á leið í átt til borgarinnar og ók fram hjá holu þeirri, sem um er rætt, og mætti bifreiðinni rétt eftir að ég fór fram hjá holunni. Ég varð var við, að ökumaður bifreiðarinnar, sem ég mætti, hemlaði, og rétt um leið lenti bifreiðin niður í holunni. Það voru engin aðvörunarmerki við holu þessa, en mig minnir, að merki hafi verið við holu, sem var nokkru fjær borginni.

Þegar þetta skeði, var mjög mikil rigning og útsýni því verra en ella og því erfiðara fyrir ökumenn að greina holuna“.

Hér fyrir dómi staðfesti Guðmundur Jakob Guðlaugsson framburð sinn fyrir rannsóknarlögreglu og tók fram, að á mótum gamla Laufásvegarins og Reykjanesbrautar hafi verið aðvörunarmerki, en Guðmundur sagðist hafa séð, að stefnandi kom ekki um þau gatnamót inn á Reykjanesbrautina. Vitnið Guðmundur Jakob Guðlaugsson kannaðist við ljósmyndirnar á dskj. nr. 4 verandi af staðháttum, þar sem óhappið varð.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að alla sök á tjóni þessu beri að leggja á stefnda. Borgarsjóði Reykjavíkur sé skylt að bæta stefnanda tjón hans að fullu vegna ábyrgðar borgarsjóðs á sagnæmum og ólögsmætum athöfnum starfsmanna sinna, sem hafi í þessu tilviki vanrækt að aðvara ökumenn eða loka um-

ræddri akbraut vegna hindrunarinnar, eins og þeim hafi verið rétt og skylt.

Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f hafi verið ábyrgðartryggjandi borgarsjóðs í þessu tilviki.

Starfsmenn stefnda borgarsjóðs hafi með sagnæmum og ólög-mætum hætti orðið þess valdandi, að stefnandi varð fyrir tjóni. Starfsmennirnir hafi vanrækt að setja upp aðvörunarmerki um hina hættulegu gryfju, bæði við hana svo og á akstursleið stefnanda, eins og starfsmönnum sé skylt, sbr. 66. gr., 6. mgr., umferðarlaganna. Starfsmennirnir hafi látið upp aðvörunarmerki á öðrum akstursleiðum en þeim, er stefnandi ók, en þeim hafi þó ekki verið lokað. Hafi því verið enn brýnni ástæða til að setja aðvörunarmerki við gryfjuna eða beina umferð fram hjá henni með leiðbeiningarmerkjum.

Akstur stefnanda í umrætt sinn hafi verið með öllu vítalaus og hafi hann enga sök átt á tjóninu og beri því ekki að skipta sök. Stefnandi hafi ekið fremur hægt og sýnt alla þá aðgæslu, er krafist verði af honum, enda hafi hann mátt treysta því, að akbrautin væri með öllu hindrunarlaus, þar sem engin umferðarmerki hafi gefið honum til kynna hið gagnstæða. Stefnandi hafi heldur ekki getað á nokkurn hátt orðið þess var, að lagfæringar stæðu yfir á akbrautinni, því engir verkamenn hafi verið að vinna þar í nánd. Skyggni hafi auk þess verið slæmt vegna rigningar og gryfjan fallið alveg saman við akbrautina, þegar ekið var að henni, þannig að hennar hafi ekki orðið vart fyrr en alveg var komið að henni. Hafi því stefnandi engin tök haft á að koma í veg fyrir tjónið.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að leiðin, sem stefnandi ók, sé almenn gata. Menn eigi að geta treyst því, að götur eins og Reykjanesbraut séu hindrunarlausar, nema aðvörunarmerki séu um annað. Þá er óhappið varð, hafi verið rigning og vegur blautur. Engir menn hafi verið við vinnu þarna sem óhappið varð og hafi stefnandi því ekki getað greint þetta vik, en það hafi verið stórhættulegt. Hættueigindi viksins hafi lagt þær skyldur á starfsmenn stefnda að setja upp aðvörunarmerki eða loka umferð um veginn.

Vanræksla starfsmanna stefnda á að fara eftir 6. mgr. 66. gr. umferðarlaga felli fébótaábyrgð á stefnda. Sök beri ekki að skipta, þar sem algerlega ósannað sé, að stefnandi eigi nokkra sök á tjóninu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi ekið bifreið sinni, R 7118, hinn 4. júní 1973 eftir Reykjanesbraut í Reykjavík ofan í vik, sem malbikunarvinnuflokkur í þjónustu stefnda hafi gert í akbrautina vegna viðgerðar á henni. Þetta hafi gerst í dagsbirtu, um kl. 1640, en þá hafi verið rigning og færi blautt. Á uppdrætti lögreglunnar sjáist engin hemlaför eftir bifreið stefnanda og megi af því marka aðgæslu hans við stjórn bifreiðar sinnar. Af ljósmyndum á dskj. nr. 5 sjáist vikið í götunni greinilega, auk þess sem sjá megi langa leið eftir götunni. Vikið hafi því engum manni leynst.

Af lýsingu stefnanda sjálfs á ferðum sínum sé ljóst, að ekið hafi verið af lítilli fyrirhyggju. Stefnandi hafi ekið eftir gamla Laufásveginum, dottið fyrst í hug að fara austur Miklubraut og beygt inn á vegartroðning, sem liggi yfir lóðir af Laufásvegi á Reykjanesbraut. Svo hætti hann við það og beygði til hægri af troðningi þessum áleiðis suður Reykjanesbraut. Slegið hafi verið í, skipt úr öðrum gír í þann þriðja, þá hafi stefnandi séð vikið og hafi bifreið hans henst niður í það, eftir því og steytt á bakknum hinum megin, án þess að reynt væri að stöðva hana. Skemmdir þær, sem hafi orðið á bifreiðinni við þetta, tali sínu máli um ökuhraðann, en lögreglan lýsi því svo, að framhluti bifreiðarinnar hafi allur gengið til og yfirbyggingin gengið upp í miðju. Varúðarmerki hafi verið sett báðum megin þessa spotta Reykjanesbrautar, sem unnið var við, en ekki á troðning þann, sem stefnandi fór eftir, og virðist stefnandi byggja allan rétt sinn á því, en alveg horfa fram hjá eigin sök, sem fólgin sé í aðgæsluleysi við stjórn bifreiðar og allt of hröðum akstri.

Af vitnisburði Guðmundar Guðlaugssonar sé ljóst, að aðrir vegfarendur en stefnandi hafi beygt fram hjá vikinum vandræðalaust.

Samkvæmt þessu verði því ekki hjá því komist að telja stefnanda sjálfan eiga alla sök á óhappi sínu og sé aðalkrafa stefnda við það miðuð, enda alls ekki unnt að krefjast þess af starfsmönnum stefnda, að sett séu aðvörunarmerki á nokkurra metra fresti, þar sem unnið sé að gatnaviðgerðum eða við þvílíkan troðning og stefnandi hafi farið eftir.

Dómarar hafa farið á vettvang. Við vettvangsskoðunina kom í ljós, að vegur sá, sem liggur frá gamla Laufásveginum fram hjá Bíla- og búvélasölunni og út að Reykjanesbraut, er sem hver annar vegur, enda þótt hann muni ekki mikið ekinn, merktur

með biðskyldumerki við Reykjanesbrautina. Þar sem beygt er af gamla Laufásveginum yfir á veg þennan, má sjá út á enda gamla Laufásvegarins, en vart verður við því búist, að þeir ökumenn, sem þessa leið aka, taki eftir, þótt viðvörunarmerki séu staðsett við enda gamla Laufásvegarins. Fram er komið, að óhapp stefnanda átti sér stað á móts við húsið nr. 8 við Eskihlíð. Það hús er í þeirri fjarlægð frá gatnamótum vegarins, sem liggur hjá Bíla- og búvélasölunni, að ekki er óeðlilegt, að ökumaður á 4 gíra bifreið sé þá að skipta úr 2. í 3. gír.

Aðiljar eru sammála um, að stefnandi hafi ekið eftir gamla Laufásveginum og beygt af honum á veg, sem liggur frá gamla Laufásveginum fram hjá Bíla- og búvélasölunni út á Reykjanesbraut.

Af hálfu stefnda er viðurkennt, að vik það, sem stefnandi ók bifreið sinni ofan í, hafi malbikunarvinnuflokkur í þjónustu stefnda gert í akbrautina vegna viðgerðar. Jafnframt er viðurkennt, að á veg þann, sem stefnandi ók af út á Reykjanesbraut, hafi ekki verið látin viðvörunarmerki. En viðvörunarmerki hafi verið látin báðum megin þess spotta Reykjanesbrautar, sem unnið hafi verið við. Einnig hafi verið látin viðvörunarmerki á gamla Laufásveginn. Fram er komið, að engin viðvörunarmerki voru við vikið sjálft.

Þar sem vikið í akbrautinni var ekki merkt, þá bar starfsmönnum stefnda að setja upp viðvörunarmerki á aðliggjandi akbrautir, sbr. 6. mgr. 66. gr. laga nr. 40 frá 1968. Það, að ekki var látið viðvörunarmerki á leið þeirri, sem stefndi ók, þykir varða því, að fella verði fébótaábyrgð á stefnda á tjóni stefnanda. Þar sem stefndi hefur ekki sannað neina þá sök á stefnanda, sem leiði til þess, að stefnandi teljist meðvaldur eða meðábyrgur á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir, þá ber stefndi óskipta fébótaábyrgð gagnvart stefnanda.

Verður þá tekin afstaða til hinna einstöku liða í dómkröfu stefnanda.

Stefnandi sundurliðar dómkröfu sína þannig:

- | | |
|-----------------------------------|------------|
| 1. Viðgerðarkostnaður | kr. 90.654 |
| 2. Varahlutakostnaður | — 18.226 |
| 3. Málning | — 40.696 |
| 4. Flutningur bifreiðar | — 1.650 |
| 5. Lækniskostnaður | — 750 |

6. Brotin gleraugu	kr. 2.045
7. Afnotamissir 159 daga	— 170.485

Samtals kr. 324.506

Varðandi dómkröfur undir lið 1—3 er vísað til reiknings á dskj. nr. 6 ásamt sundurliðun, en reikningurinn er frá bifreiðaverkstæði Egils Vilhjálmssonar vegna viðgerðar á skemmdum R 7118, samtals að fjárhæð kr. 149.576.

Liður 4 er rökstuddur með því, að við tjónið hafi R 7118 orðið óökufær og hafi verið nauðsynlegt að fá kranabíl til að flytja bifreiðina úr stað, annars vegar af vettvangi og síðan á verkstæði, samkvæmt dskj. nr. 7.

Liður 5. Stefnandi hafi farið beint í rannsókn á Borgarspítalann eftir óhappið og komið síðan einu sinni til framhaldsskoðunar, sbr. dskj. nr. 9.

Liður 6. Er bifreiðin hafi lent á gryfjubarminum, hafi gleraugu stefnanda brotnað, er hann hentist fram á stýri bifreiðarinnar, sbr. dskj. nr. 8.

Liður 7. Hinn 18. júlí 1973 hafi lokið matsgerð í sambandi við skemmdir á bifreið stefnanda, sbr. dskj. nr. 5.

Eins og segir í matsbeiðni á dskj. nr. 5, þá hafi verið ágreiningur milli matsþola og matsbeiðanda um verðmæti bifreiðarinnar og hvort matsþoli skyldi bera óskoraða fébótaábyrgð á tjóni matsbeiðanda eða aðeins fébótaábyrgð að $\frac{3}{4}$ hlutum. Hafi ekki verið hafist handa um viðgerð á bifreiðinni strax af þeim ástæðum, að talið var, að bifreiðin væri ónýt og hafi matsþoli boðist til að taka bifreiðina til greiðslu á tjóninu. Stefnandi hafi þó ekki getað fallist á tilboð stefnda um sakarskiptingu, auk þess sem ágreiningur hafi verið um verðmæti bifreiðarinnar og söluverð hennar fyrir tjónið og hafi mat stefnda á tjóni stefnanda verið of lágt að mati stefnanda. Eftir að matsgerð hafi farið fram og komið var í ljós, að viðgerð gat farið fram á bifreiðinni, hafi afstaða stefndu verið óbreytt, en nú hafi tilboð þeirra verið miðað við viðgerð á bifreiðinni. Stefnandi hafi ekki tekist að koma bifreiðinni til viðgerðar strax, þar sem mikið annríki hafi verið á bifreiðaverkstæðum og biðlisti langt fram í tímann, enda hafi staðið yfir aðalsumarleyfistíminn. Hafi stefnandi þá gefið stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands kost á að útvega viðgerð fyrir bifreiðina, en því hafi þá verið svarað, að þeir mundu ekki útvega

slíkt. Við fyrsta tækifæri hafi bifreið stefnanda síðan verið flutt á bifreiðaverkstæði Egils Vilhjálmssonar og þar hafi viðgerðin farið fram. Afnotamissir bifreiðarinnar R 7118 teljist því allt tímabilið frá 4. júní 1973 til 9. nóvember 1973, eða samtals 159 dagar. Stefnandi sé gjarðyrkjumaður og annist garðyrkjustörf víða í nágrenni Reykjavíkur fyrir ýmsa aðilja og verði nauðsynlega að hafa afnot af bifreið vegna atvinnu sinnar. Allt fyrrgreint tímabil hafi því stefnandi orðið að taka á leigu bifreið, sbr. reikning á dskj. nr. 10, samtals að fjárhæð kr. 170.485.

Af hálfu stefnda voru eftirfarandi mótmæli höfð uppi um einstaka kröfuliði.

1.—3. Viðgerðarkostnaður og málning, kr. 149.576. Tjón þetta hafi verið metið á kr. 106.249 og standi engin rök til að samþykkja hærrí fjárhæð. Verðhækkanir á viðgerðartíma séu ekki á ábyrgð stefnda. Óþarft hafi verið að mála alla bifreiðina vegna viðgerða á skemmdum og hafa beri í huga, að bifreiðin hafi verið orðin gömul, árgerð 1968.

4. Flutningur bifreiðar, kr. 1.650. Þessum lið er ekki andmælt tölulega.

5.—6. Læknishjálp og gleraugu, samtals kr. 2.795. Þessum lið er ekki andmælt tölulega.

7. Afnotamissir, kr. 170.485. Þessum lið er mótmælt sem of háum og vanreifuðum. Stefnandi hafi átt þess kost eins og aðrir að húftryggja bifreið sína, en hafi kosið að hafa hana í notkun á eigin ábyrgð og áhættu. Þar með hafi hann tekið á sjálfan sig áhættuna af því, að bifreiðin var ónothæf. Hann virðist hafa rekið bifreið sína án þess að hafa af því kostnað, að minnsta kosti krefji hann um óskerta leigufjárhæð bílaleigubíla.

Stefnandi segist hafa notað bifreið sína í atvinnuskyni við garðyrkju, en alkunna sé, að viðsemjendur iðnaðarmanna greiði jafnan ferðakostnað þeirra á vinnustað, og verði að ætla, að stefnandi hafi ekki gert undantekningu í þessu efni. Er skorað á stefnanda að gera grein fyrir rekstrarkostnaði bifreiðar sinnar og tekjum af henni fyrir og eftir óhappið til samanburðar í þessu efni, t. d. með því að leggja fram útdrátt úr skattskýrslu. Á sama hátt beri honum að gera grein fyrir tekjum af bílaleigubílum, og komi þær til frádráttar kröfu hans. Stefndi geti aldrei borið ábyrgð á afnotamissi bifreiðar lengur en eðlilegan viðgerðartíma, sem hér sé þrjár til fjórar vikur, en sama tíma megi ætla, að þurft hefði til að afla annarrar bifreiðar.

Um 4, 5 og 6. Þessum liðum hefur ekki verið tölulega andmælt,

þeir eru samtals að fjárhæð kr. 4.445, og verða þeir teknir til greina að öllu leyti.

Um 1—3. Liður þessi er studdur framlögðum reikningum. Í matsgerð á dskj. nr. 5 má sjá, hvað gera þurfti við bifreið stefnanda. Við samanburð á framlögðum reikningum og matsgerðinni kemur í ljós, að gert hefur verið við fleira en hinir dómkvöddu matsmenn töldu nauðsynlegt, þ. á m. að mála bifreiðina alla, skipta um rafgeymi og gera við vatnskassa.

Hinir sérfróðu meðdómendur telja viðgerðarkostnað á bifreið stefnanda eftir óhappið, sem mál þetta er af risið, réttilega metinn í hinni framlögðu matsgerð, og verður því þessi liður tekinn til greina með kr. 106.249.

Um 7. Liður þessi er studdur framlögðum reikningum frá bíla-leigu. Samkvæmt reikningum þessum hafði stefnandi á leigu bifreið tímabilið 4. júní 1973 til 9. nóvember 1973. Samkvæmt framlögðum viðgerðarreikningum var bifreið stefnanda á viðgerðarverkstæði tímabilið 5. september 1973 til 8. nóvember 1973. Beðið var um dómkvaðningu matsmanna 26. júní 1973. Hinir dómkvöddu matsmenn skiluðu matsgerð 18. júlí 1973. Því var haldið fram af hálfu stefnanda, að hann hafi staðið í samninga-umleitunum við Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f allt til 1. ágúst 1973, en eftir þann tíma hafi hann ekki komið bifreið sinni á verkstæði fyrr en í september 1973. Hinir sérfróðu meðdómendur segja það oft geta verið mjög erfitt að koma bifreiðum á verkstæði á þessum árstíma, en þá standa almennt yfir sumarleyfi á bifreiðaverkstæðum. Með hliðsjón af atvikum öllum þykir rétt að taka þennan kröfulið til greina með kr. 120.000.

Samkvæmt framanrituðu ber stefnda að greiða stefnanda kr. 230.694 með vöxtum eins og krafist var.

Málskostnaður, þar með talinn matskostnaður, ákveðst kr. 63.000.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari og meðdómsmennirnir Haraldur Þórðarson bifreiðasmíðameistari og Finnboi Eyjólfsson bifvélavirkjameistari.

D ó m s o r ð :

Stefndi, borgarsjóður Reykjavíkur, greiði stefnanda, Fróða B. Pálssyni, kr. 230.694 með 9% ársvöxtum frá 4. júní 1973 til greiðsludags og kr. 63.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.